



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

12. árgangur 9.tbl.

Október 2015



Landsvirkjun

Búrfellslundur

Kynningarfundur í Árnesi
fimmtudaginn 22. október

Landsvirkjun vinnur nú að undirbúningi vindmyllusvæðis ofan við Búrfell, í svo-nefndum Búrfellslundi. Unnið hefur verið að rannsóknum og mati á umhverfis-áhrifum um nokkurt skeið og liggja helstu niðurstöður fyrir í frummatsskýrslu.

Nú hefst opinbert ferli þar sem almenningur getur kynnt sér verkefnið og komið fram með ábendingar eða athugasemdir.

Opið hús verður í Árnesi kl. 15–18 þar sem fólki gefst kostur á að kynna sér verkefnið og vefsvæði sem sett hefur verið upp.

Um kvöldið verða svo helstu niðurstöður kynntar á sérstökum kynningarfund. Húsið opnar kl. 20:00 en kynning hefst kl. 20:30.

Allir velkomnir.





Opnunartími og sími skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi er:
mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00
486-6100 Fax: 486-6120. - skeidgnup@skeidgnup.is

Sími í áhaldahúsi 486-6118 - Starfsmenn þar:

Ari Einarsson 893-4426 Jóhannes Eggertsson 864-6904
ari@skeidgnup.is - joi@skeidgnup.is

Jón F. Sigurdsson - umsjónarmaður gámasvæða s. 893-7016

Skilafrestur efnis í næsta fréttabréf er 5. nóvember 2015.

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir frettabref@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.

Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps Bókahúsinu, Brautarholti.



Opið alla fimmtudaga kl. 20:00 - 22:00

Alltaf hægt að skila um lúguna!

S: 486-5505 - www.bokasafn.is

Netfang: bokasafn@skeidgnup.is

<http://www.allirlesa.is>

<http://www.leitir.is>



Munið! Nýtt símanúmer á

Heilsugæslunni í Laugarási 432-2770

Opið virka daga kl. 8:30 -16:30.

Símatímar lækna virka daga kl. 9—9:30 og 13 –13:30

Neyðarsími 112 - HSu Selfossi 432-2000

Vaktsími lækna og hjúkrunarfræðinga á HSU Selfossi 1700

Apótekið í Laugarási S. 486-8655

Opið: mánud., þriðjud., fimmtud., föstud. 10:00 - 16:30.

Miðvikdaga . 10:00 - 13:00

Ath . Breyttur opnunartími!

Hundafangari sveitarfélagsins:

Ragnar Sigurjónsson sími: 859-9559.



Land til leigu.

Ferðapjónustan Steinsholti óskar eftir að taka land á leigu fyrir hrossa-beit frá næsta vori, helst vildum við hafa leiguna til lengri tíma.

Upplýsingar veitir Gunnar í síma 863 8270.

Tímabundin kennsla við Flúðaskóla



Flúðaskóli auglýsir eftir enskukennara í 50 % starf í 6 vikur frá og með 19. október 2015.

Um er að ræða 10 kennslustundir í ensku á yngsta – og miðstigi og 3 kennslustundir stuðningskennsla.

Nánari upplýsingar veitir Guðrún Pétursdóttir skólastjóri í síma 480 6610 eða í tölvupósti gudrunp@fludaskoli.is

Óskum eftir húsgögnum, húsbúnaði og bókum til ættleiðingar
Starfsfólk og nemendur Flúðaskóla vinna að því að gera aðstöðu nemenda hlýlegri. Því leitum við til ykkar hvort þið eigið eitthvað af eftirtöldu í ykkar fórum sem þið getið séð af í verkefnið: tveggja sæta sófa, lágar bókahillur, barna- og unglingabækur, standlampa og borð-lampa. Uppl.í sama símanúmeri og tölvupósti sem skráð er ofar.

YOGA YOGA í Árnesi

Munið YOGA á mánudögum í Árnesi **kl.17:15**

Upplýsingar í síma 861-7013

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku á


vgholt@internet.is

Kær kveðja Rosemarie. - Kvenf. Gnúp.



Opnunartími gámasvæða vetur 2015!

Gámasvæðið við Árnes hefur verið flutt. Nú stendur það við E- götu vestan Suðurbrautar í Árnesi.



Opið þar:

þriðjudaga

kl. 14:00 - 16:00

laugardaga

kl. 10:00 - 12:00

Brautarholt:

miðvikudaga

kl. 14:00 - 16:00

laugardaga

kl. 13:00 - 15:00

Dýragámar opnir allan sólarhringinn á báðum stöðum!

Fatagámar **Rauða krossins** eru tveir og eru staðsettir á gámasvæðinu í Brautarholti og hjá Áhaldahúsinu við Árnes.

Jón F. Sigurdsson í Réttarholti hefur umsjón með gámasvæðunum gsm. 893-7016 eða 462-5301.

Skaftholt tekur áfram við garðaúrgangi og afklippum trjáa. Og eins og áður er að hægt að losa þar að degi til, garðaúrgang og afklippum trjáa á ákveðnu svæði þar alla daga vikunnar. (Til vinstri á heimreið framan vert við gróðurhús.)

Einungis efni úr jurtaríkinu eiga heima á svæðinu við Skaftholt.
Sveitarstjóri.

Bleikt konukvöld

Kvenfélag Skeiðahrepps stendur fyrir **bleiku konukvöldi** í Brautarholti **priðjudagskvöldið 13. október kl. 20-22.** Samkoman hefst í félagsheimilinu og mun enda með slökun í Skeiðalaug.

Sigríður Klingenberg, spákonan síkátá, verður með okkur og mun skemmta okkur og fræða eins og henni einni er lagið.

Léttar veitingar verða í boði og að sjálfsögðu happadrætti.

Að þessu sinni verður aðgangseyrir 1.000 kr. fyrir félagskonur og 1.500 kr fyrir utanfélagskonur.

Auk þess mun **bleika krukkan** taka á móti frjálsum framlögum sem munu renna óskipt til Krabbameinsfélags Árnessýslu.

Mætum sem flestar, með sundfötin að sjálfsögðu, og eigum saman notalega kvöldstund.

Allar konur velkomnar ☺

Stjórn Kvenfélags Skeiðahrepps



Batasetur Suðurlands, virknimiðstöð fyrir einstaklinga

með geðröskun hóf starfsemi í september sl. Skemmst er frá því að segja að það fer vel af stað og mikil ánægja með þetta verkefni.

Í Batasetrinu hittist fólk með geðraskanir, talar um líðan sína og fær ráð hjá hvert öðru um hvað virkar hjá því. En einnig er unnið með valdeflingu þ.e. að fá völdin aftur í sínar hendur eftir að hafa þurft að láta þau af hendi í veikindum. Bati er annað hugtak sem unnið er með þar sem rætt er um að það megi ná bata af geðröskun, en hver gerir það á sinn hátt, oftast skilgreinir hver og einn sinn bata mismunandi og það getur verið með því að halda jafnvægi í daglegu lífi, til þess að þurfa ekki lyf að staðaldri. Til að viðhalda þessu jafnvægi á meðan aðrir þurfa lyf til þess. Öll vinna fer fram á jafningjagrundvelli, þ.e. það er enginn sem er öðrum æðri og allir hafa jafnan rétt til að tjá sig um það sem þeir vilja. Allt sem fólk segir í Batasetrinu er undir trúnaði.

Batasetur er opið alla föstudaga frá 9:00-16:00 og er með aðstandendafundi annan hvern mánudag og verður sá fyrsti þann 12.október n.k. kl 20:00 allir sem telja sig eiga erindi í annan hvern þessara hópa, eða báða eru hjartanlega velkomnir.

Við erum til húsa að Skólavöllum 1 á Selfossi (á horni Skólavalla og Bankavegar) Hafa má samband ef frekari upplýsinga er þörf á netfangið batasetrid@gmail.com og á facebooksíðu Batasetursins: <https://www.facebook.com/Batasetur>.

Hlakka til að sjá ykkur

Jóna Heiðís Guðmundsdóttir

Forstöðumaður Bataseturs Suðurlands og iðjuþjálfari.





Smárafréttir

OKTÓBER 2015



FRÁ ÆSKULÝÐSNEFND

Hæ krakkar !! Nú förum við að huga að næsta viðburði!
Föstudaginn 30.október förum við í árlegu haustferðina okkar.

Í þetta skipti förum við í sameiningu með Logakrökkunum.

Endilega takið daginn frá.

Brottför frá Flúðum kl. 14:30 þann 30.október!

Ferðin verður auglýst nánar á Facebooksíðu Smáarakrakkar!
Að venju förum við í heimsókn á tvö hrossaræktunarbú og endum með pizzuveislu! Stoppað verður í Reykholti, á Flúðum (Verslun Strax), Sandlækjarkholti og í Brautarholti.

Verð á mann: 2.000 kr innifalin rútuferð, pizza og gos.

Allir krakkar OG FORELDRAR hjartanlega velkomnir!

Skráning á smarakrakkar@gmail.com. Vinsamlegast skráið ykkur með nafn, kennitölu og BROTTFARASTAÐ!

HAUSTFUNDUR 2015

**Verður haldinn í Reiðhöllinni á Flúðum
fimmtudagskvöldið 22 október kl. 20.00**

Á dagskrá verða umræður um æskulýðsmál, mótafyrirkomulag, námskeiðahald og önnur mál sem viðkoma starfi félagsins. Farið verður yfir starfið á árinu 2015 og það sem fram undan er. Kjörið tækifæri til að koma á framfæri einhverju sem betur má fara eða koma með nýjar og ferskar hugmyndir hvernig efla megi starfið.

Hvetjum ykkur til að mæta í létt spjall yfir góðum kaffibolla

Kveðja stjórnin



Land græðslan



Fréttaskot nr. 10. Október 2015



Vatn kemst ekki niður í jarðveginn. Myndin var tekin í Reykjavík fyrir skömmu.

Bætt vatnsmiðlun og jarðvegsvernd í þéttbýli kemur okkur öllum til góða

Bruni jarðefnaeldsneytis er megin orsakavaldur loftslagsbreytinga og brynt að draga úr honum með öllum leiðum. Það eru þó fleiri þættir sem þarf að horfa til og þá ekki síst hvernig við getum unnið með náttúrunni til að mynda til aukinnar kolefnisbindingar, bættrar vatnsmiðlunar og betri loftgæða. Þar er jarðvegsvernd lykilatriði. Jarðvegurinn er til að mynda næststærsta kolefnisgeymsla jarðarinnar. Yfir fjórar billjónir tonna af kolefni eru bundin í jarðvegi eða um 10 sinnum meira en til að mynda í trjáum heimsins. Virk vatnsmiðlun og loftgæði byggja líka á jarðvegsgeðum og fjölbreyttri gróðurþekju. Jarðvegsvernd og ábyrg nýting jarðvegsauðlindarinnar ættu því að vera grunnstoð í öllu skipulagi landnýtingar, hvort sem það er í dreifbýli eða þéttbýli.

515 fermetrar af ógegndræpu yfirborði á hvern landsmann

Þó aðeins örlitill hluti Íslands sé undir steinsteypu og malbiki þá er hlutfall þess á hvern landsmann mjög hátt eða 515 fermetrar. Það er fimm sinnum hærra en heimsmeðaltalið. Í Reykjavík eru til að mynda að meðaltali 201 fermetrar af ógegndræpu yfirborði á íbúa sem er hærra hlutfall en í flestum öðrum evrópskum borgum. Um 47% af landi Reykjavíkur er ógegndræpt að öllu eða miklu leyti, um helmingur þess svæðis eru vegir, bílastæði og önnur samgöngumannvirki. En hvaða áhrif hefur manngert og vatnshelt yfirborð á vatnsmiðlun vistkerfa í þéttbýli?

Stóraukið yfirborðsrennsli vatns

Vatn sem rennur eftir ógegndræpu yfirborði á hvergi greiða leið niður í jarðveginn og því þarf að byggja upp miðlunarkerfi til að veita því í burtu. Afrennsli regnvatns af malbikuðu bílastæði er til að mynda helmingi meira en afrennsli af umhverfisvænni bílastæðum eins og sjá má á meðfylgjandi myndum. Það gefur því auga leið að ógegndræpt yfirborð veldur mun meira álagi á afrennslikerfið og aukinni flóðahættu en svæði sem eru hálfgegndræp eða meira. Grænu lausnir eru að auki mun ódýrari í rekstri og þurfa minna viðhald.

Grænar lausnir í þéttbýli

Með því að beita grænum lausnum í mun meira mæli við hönnun og skipulag í þéttbýli, til að mynda á bílastæðum og göngu/hjólástigum má nýta ferla náttúrunnar á mun virkari hátt til vatnsmiðlunar en nú er gert. Til að tryggja sem bestan vistfræðilegan og hagrænan

ávinning þarf samhlöða einnig að beita náttúrulegum lausnum til uppbyggingar og viðhalds grænna svæða innan þéttbýlis (skrautgarðar og leiksvæði undanskilin); svo sem með aukinni útbreiðslu birkis og annarra trjégunda á kostnað grasflata og skrautbeða og þróun viðhaldslitilla gróðursamfélaga sem hvorki þarf að bera á né slá.

Þórunn Pétursdóttir – thorunn@land.is

19. fundur í sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnesi sunnudaginn

20. september 2015 kl. 10:00.

Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Meike Witt, Halla Sigríðar Bjarnadóttir og Gunnar Örn Marteinnsson. Sveitarstjórn samþykkir að Kristjana Heyden Gestsdóttir riti fundargerð fyrir Kristófer A. Tómasson sveitarstjóra sem er í leyfi. Oddviti spurðist fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið. Svo reyndist ekki vera.

Dagskrá:

Tekið til afgreiðslu bréf frá Skipulagsstofnun með umsagnarbeiðni um endurskoðun umhverfismats vegna Hvammsvirkjunar. Málinu var frestað á síðasta sveitarstjórnarfund.

Tillaga lögð fram:

Sveitarstjórn samþykkir að ekki þurfi að fara fram nýtt umhverfismat fyrir Hvammsvirkjun.

Samþykkir:

Gunnar Örn Marteinnsson, Halla Sigríður Bjarnadóttir, Einar Bjarnason.

Á móti:

Björgvin Skafti Bjarnason og Meike Witt.

Eftir farandi bókun lögð fram af Gunnari Erni Marteinnssyni og

Höllu Sigríði Bjarnadóttur.

Ekki hafa orðið þær breytingar á náttúrufari eða landnotkun á áhrifasvæði fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar að ástæða sé til að endurskoða umhverfismat frá apríl 2003 þar sem fjallað er um Hvammsvirkjun.

Greinargerð.

Umfang framkvæmdarinnar hefur heldur minnkað frá því matið var unnið eins og fram kemur í rýni á mati á umhverfisáhrifum unnið af Eflu verkfræðistofu. Einnig er rétt að benda á að frá því að matið var unnið hefur verið unnið með landeigendum á áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda að því að áhrif hennar verði eins lítill og nokkur kostur er, þó svo að augljóst sé að áhrifin verða alltaf einhver. Rétt er að benda á að landeigendur hafa samið við Landsvirkjun vegna þess og fá greiddar bætur vegna þess og því verður að telja að viðkomandi sætti sig við framkvæmdina, að öðrum kosti hefðu þau varla samið um málið og þegið bætur fyrir.

Talsvert hefur verið fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á laxastofninn í Þjórsá en lax tók að ganga á svæði fyrirhugaðrar virkjunar eftir að laxastigi var gerður við Búða árið 1991. Það má því deila um hversu náttúrulegur sá stofn er.

Hvað sem því líður er nauðsynlegt að reyna að tryggja að laxfiskur haldi áfram að ganga á svæðið og í því sambandi hafa verið kynntar mótvægisáðgerðir. Nauðsynlegt er að tryggja að vel verði fylgst með hvernig þær mótvægisáðgerðir virka enda er þetta nokkur prófraun á ágæti þeirra.

Annað atriði sem talsvert hefur verið rætt um er neikvæð áhrif framkvæmdarinnar á ferðaþjónustu. Ljóst er að fyrirhuguð brúargerð yfir Þjórsá samhliða framkvæmdinni mun hafa mjög jákvæð áhrif á ferðaþjónustu auk fleiri jákvæðra þátta á svæðinu. Hinsvegar er ljóst að umfang ferðaþjónustu er mun meiri en þegar matskýrslan var gerð og ekki hægt að miða við umferðatöhlur á Þjórsárdalsvegi í því samhengi eins og Efla gerir í sinni rýnskýrslu. Að okkar mati mun fyrirhuguð Hvammsvirkjun ekki hafa veruleg neikvæð áhrif á ferðaþjónustu á svæðinu þó að einhverjir ferðaþjónustuaðilar hafi nýtt sér svæðið í sinni starfsemi í meira mæli en þegar skýrslan var gerð.

Það er talsverð vinna fyrir sveitarstjórnarfólk að rýna í öll þau gögn sem til eru varðandi þetta mál og almennir sveitarstjórnarfulltrúar hafa ekki fjármagn til að kaupa sér sérfræðiaðstoð í slíkum málum, en við yfirferð okkar um málið sjáum við ekkert sem stangast á við álit okkar í málinu. Við treystum Skipulagsstofnun til að taka faglega ákvörðun í málinu og munum vinna í samræmi við álit hennar.

Álit Björgvins Skafta Bjarnasonar og Meike Witt á því hvort endurskoða eigi mat á umhverfisáhrifum Hvammsvirkjunar. (Virkjun við Núp dags. Apríl 2003)

Erindi Skipulagsstofnunar.

Skipulagsstofnun óskar álits Skeiða – og Gnúpverjahrepps á því hvort endurskoða skuli matsskýrslu Landsvirkjunar vegna Hvammsvirkjunar á grundvelli 12. Gr laga nr.106/2000 m. síðari breytingum. Hvort forsendur hafi breyst verulega frá því að álitidi lá fyrir, svo sem vegna breytinga á náttúrufari eða landnotkun á áhrifasvæði framkvæmdarinnar, breytinga á löggjöf um umhverfismál, breytinga á alþjóðlegum skuldbindingum eða vegna tæknipróunar varðandi framkvæmdina.

Óskað er eftir að Skeiða- og Gnúpverjahreppur kynni sér skýrslu Eflu verkfræðistofu : „Hvammsvirkjun, 93 mv. Rýni á mati á umhverfisáhrifum“, auk þess eftir atvikum gögn sem nálgast má á vef Landsvirkjunar sem fjallar um Hvammsvirkjun þar sem m.a. er að finna matsskýrslu Virkjunar við Núp dags. Apríl 2003 þar sem fjallað er um Hvammsvirkjun.“

Forsendur

Þegar ljóst var að Hvammsvirkjun yrði færð úr biðflokki í nýtingarflokk sumarið 2015 höfðu fulltrúar Landsvirkjunar samband við leyfisveitendur framkvæmda vegna virkjunarinnar. Sveitarstjórnar viðkomandi sveitarfélaga, Rangárþings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps sendu erindi til Skipulagsstofnunar þar sem óskað er álits á því hvort umrædd virkjun þurfi að fara í umhverfismat.

Það er tiltölulega sjaldgæft að skýrslur um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda verði svo gamlar að þær þurfi endurskoðunar við. Því er ekki ljóst hvernig meta eigi hvort endurskoðunar er þörf. Þar sem Skipulagsstofnun óskar m.a. eftir álit Skeiða- og Gnúp-verjahrepps á því hvort endurskoða skuli matsskýrslu Landsvirkjunar vegna Hvammsvirkjunar á grundvelli 12. Gr laga nr. 106/2000 m. síðari breytingum, mun orðið við því.

Rýniskýrsla Eflu

Fyrir liggur rýniskýrsla Eflu verkfræðistofu á matsskýrslu Landsvirkjunar vegna Hvammsvirkjunar. Niðurstaða hennar er að ekki þurfi að taka upp mat á umhverfisáhrifum.

Í 12 gr. áðurnefndra laga er áhersla lögð á hvort forsendur hafi breyst frá samþykkt umhverfismats. Í lögum um mat á umhverfisáhrifum er fyrsta skrefið að leggja fram matsáætlun. Í henni koma fram þeir þættir sem leggja skuli mat á.

Skýrsla Eflu byggir hins vegar mest á því hvort þau atriði sem tiltekin eru í skýrslunni passi við núverandi umhverfi.

Breytingar frá því að umhverfismat var lagt fram.

Frá því að umhverfismat Hvammsvirkjunar var lagt fram hefur verið gerður fjöldi rannsóknna á lífríki Þjórsár.

Aðferðir hafa breyst við undirbúning vegna mats á umhverfisáhrifum, ríkari áhersla lögð á að kanna félagsleg áhrif. Reynsla er komin á umhverfisáhrif Kárahnjúkavirkjunar. Ferðaþjónusta er orðin margfalt stærri atvinnugrein og mun verða en stærri. Meta þarf hagsmuni í því ljósi milli ferðaþjónustu og orkuvinnslu.

Ýmsar breytingar á lögum tengdum umhverfis og skipulagsmálum sbr. 1. Grein laga um umhverfismat en það er ekki fyrr en eftir að 2002 að það er markmið með lögunum að „að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar.“

Einnig eru ný Skipulagslög, mannvirkjalög lög um náttúruvernd og fleiri.

Niðurstaða

Björgvin Skafti og Meike Witt treysta því að Skipulagsstofnun taki faglega afstöðu um endurskoðun mats á umhverfisáhrifum Hvammsvirkjunar. Margt bendir á að endurskoða þurfi hluta matsins einkum vegna þess að margfalt meiri vitneskja er fyrir hendi í dag vegna rannsókna til dæmis á lífríki árinna. Það hlýtur að vera kappsmál framkvæmdar aðila að sem best sé staðið að öllum undirbúningi og að rannsóknir undanfarandi ára séu nýttar til en betra umhverfismats. Eða eins og segir í markmiðum laganna.

„að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar.“

Björgvin Skafti Bjarnason, Meike Witt.

Fundi slitið kl 11:20.

Næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn 07. október næstkomandi.

Fótaaðgerð.

Býð upp á fótaaðgerð í Heimalandi á Flúðum, 22. október n.k.

Allir eru hjartanlega velkomnir, tímapantanir í síma 833-0433 en einnig er hægt að koma á öðrum tímum, þar sem ég er búsett í Hrunamannahreppi.

Sólveig Jóhannsdóttir, Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur.

Leikskólinn Leikholt óskar eftir að ráða

leikskólakennara frá og með 1. nóvember 2015.

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn til að taka þátt og leiða áfram gott faglegt starf í skólanum.



Menntun og hæfniskröfur:

- * Leikskólakennararéttindi áskilin.
- * Sýni jákvæðni, frumkvæði og samstarfsvilja.
- * Hafi áhuga og/eða reynslu til að leiða þróunarstarf.
- * Góð færni í mannlegum samskiptum.
- * Áhugi og hæfni í starfi með börnum.
- * Góðir skipulagshæfileikar.
- * Færni til að tjá sig í ræðu og riti.

Meginverkefni:

- * Vinnur samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara að uppeldi og menntun leikskólabarna.
- * Tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs og foreldrasamstarfs undir stjórn deildarstjóra.

Frekari upplýsingar veitir Elín Anna Lárusdóttir, sími 486-5586/895-2995 og áhugasamir geta sent umsóknir á netfangið.

leikskoli@skeidgnup.is

Umsóknarfrestur er til 22. október 2015.

Leikskólastjóri.

Nýtt nafn á sveitarfélagið???



Tillögum ber að skila ekki síðar en 20. október

Í síðasta fréttabréfi var farið yfir ferlið í fyrirhugaðri kosningu um nafn á því sveitarfélagi sem nú heitir Skeiða- og Gnúpverjahreppur. Tillögum um nafn skal skila á skrifstofu sveitarfélagsins í síðasta lagi þriðjudaginn 20. október næstkomandi. Tillögum skal skila í lokuðu umslagi merktu „**Kosning um nafn 2015**“ Íbúar sveitarfélagsins sem aðrir eru hvattir til að skila inn tillögum. Á sveitarstjórnarfundum 4. nóvember n.k mun sveitarstjórn fara yfir þær hugmyndir sem borist hafa. Núverandi nafn er valkostur ekki síður en önnur nöfn. Þeir sem er ánægðir með núverandi nafn er hvattir rétt eins og aðrir til að taka þátt í að velja nafn og sýna með því vilja sinn í þessum efnum.

Að öðru leyti er vísað til síðasta fréttabréfs þar sem ferlið við val og kosningu er útskýrt.



Því fleiri sem taka þátt með því að skila inn tillögu og því fleiri sem nýta sinn kosningarétt sinn er að því kemur, þeim mun marktækara verður valið.

Með góðri kveðju. Kristófer.

Fundarboð

**Aðalfundur BJSV. Sigurgeirs
verður haldinn í húsi sveitarinnar mánudaginn
26. október 2015 klukkan 20:30**

Dagskrá:

Skýrsla stjórnar
Skýrsla gjaldkera
Inntaka nýrra félaga
Kosningar
Önnur mál



Stjórnin

HRUNAPRESTAKALL



Af samviskufrelsi og erfidrykkjum

Kæru sveitungar.

Að þessu sinni langar mig að flytja ykkur pistil um tvö óskyld mál. Annars vegar um samviskufrelsi presta og hins vegar um erfidrykkjur. Upp á síðkastið hefur töluvert verið talað um samviskufrelsi presta þegar kemur að hjónavígslum. Mér finnst of mörgum talsmönnum kirkjunnar hafa haldist heldur illa á rökum í því máli í fjölmiðlum.

Auðvitað er fráleitt að tiltaka sérstaklega að prestar hafi samviskufrelsi þegar kemur að því að gefa saman samkynhneigð hjón. Það eru grímulausir fordómar og ekkert annað. Hvað fyndist okkur annars um það ef tekið væri fram í greinargerð um embættisskyldur presta að þeir hefðu samviskufrelsi þegar kemur að því að skíra stúlkur eða að prédika yfir fólki á aldrinum 40-55 ára?

Við höfum öll samviskufrelsi en að hengja það sérstaklega á tiltekinn hóp í okkar samfélagi er í besta falli kjánalegt að mínu mati.

Síðan eru það erfidrykkjurnar eða erfiðisdrykkjurnar, eins og einn kollegi minn kallar þær, vegna þess hve erfitt er að standast kræsingarnar sem þar eru jafnan á borðum. Erfidrykkjur eru mikilvægur vettvangur fyrir fólk að hittast eftir útfararathöfn í kirkju, bæði til að votta ástvinum og fjölskyldu hins látna samúðar en líka til að efla vinabönd við samferðarfólkið. Eftir viðkvæma kveðjustund er gott að koma saman og finna hlýju og styrk í gegnum samskipti við annað fólk.

Erfidrykkjan flytur nefnilega þennan mikilvæga boðskap: Lífið heldur áfram. Hefðbundnar erfidrykkjur eru kaffihlaðborð sem svigna undan kræsingum og hafa ekki brugðist hjá kvenfélagskonum í okkar prestakalli svo ég viti til. Ég hvet hins vegar okkur öll til að skoða opnum huga fleiri form af erfidrykkjum.

Erfidrykkja þar sem einungis er boðið upp á kaffi og konfekt, kleinur eða pönnukökur er t.d. einfalt og gott form. Einnig má hugsa sér erfidrykkju þar sem boðið er upp á súpu og molasopa á eftir. Þá getur líka verið góður kostur að hafa erfidrykkjuna að mestu leyti standandi, með því móti má hugsa sér að fólk blandist betur en ella. Eitt form af erfidrykkju er ekki endilega betra en annað, þar ræður auðvitað smekkur fólks og aðstæður. En stundum er gott að brjóta upp hefðir þó að þær eigi sér djúpar rætur í menningunni. Erfidrykkjan er góð hefð og mikilvæg en hvað þar er á borðum má ekki vera aðalatriði – heldur hitt, að koma saman og treysta böndin. Allar upplýsingar um kirkjustarfið má finna á heimasíðu prestakallsins, hruni.is.

Með blessunaróskum.

Óskar Hafsteinn Óskarsson

Frá Kvenfélagi Gnúpverja.

Haustfundurinn verður haldinn í Þjórsárskóla

27. október kl. 20.30

Ákvörðun tekin um væntanlega

Færeyjaferð og fl. mál.

Stjórnin.



Haustfundur Kvenfélags Skeiðahrepps

verður haldinn laugardaginn 24. október í bókasafninu í Brautarholti kl. 11.00. Vetrarstarfið o.fl. verður til kynningar og umræðu.

Veitingar í boði kvenfélagsins.

Nýjar konur hjartanlega velkomnar ☺

Stjórn Kvenfélags Skeiðahrepps



Vetraropnunarinn tók gildi 24. ágúst 2015

Opið daglega frá kl. 11:00 - 21:00

Krafturinn úr náttúrunni hjálpar þér að ná jafnvægi!

<http://www.fontana.is>

LAUGARVATN
fontana
Heilsulind frá landnámi



Sárabót –fyrir alla– í nýjum umbúðum!

Nú er sárabót komin í nýjar umbúðir. Ný lína fyrir menn og önnur fyrir skepnur. Einnig komin á markað leðurfeiti úr minkafitu, góð fyrir hnakka og skó. Höfum þessa góðu vöru til sölu. **Katrín og Stefán, Ásaskóla. S: 4866047- 8986047-8658776.**



SKINN OG SKART.

Í október eru armbönd og vasapelar enn mjög áriðandi. Ýmsar gjafir fyrir öll tækifæri.



Hafið samband í
síma 4866047
eða 8986047
Katrín, Ásaskóla.



Þar kom að því að undirrituð skreið yfir hálfarar aldar mörkin.

Af því tilefni langar mig að vera með smá teiti í Brautarholti laugardagskvöldið 7. nóvember sem byrjar svona um áttaleitið. Þætti mér vænt um ef einhverjir sveitungar og vinir gæfu sé tíma að gleðjast mér þetta kvöld. Boðið verður upp á fordrykk og léttar veitingar en þar sem ég er bara fátækur leikskólakennari verða þeir sem vilja fara á fylleri að sjá um þær veitingar sjálfir

Með kveðju.

Helga Guðlaugsdóttir.



Þjónusta vegna ljósleiðarans!

Sigvaldi K. Jónsson s. 863-4111 og Jón Hákonarson hafa umsjón með nýtingum og línubókhaldi Fjarskiptafélags Skeiða-og Gnúpverjahrepps vegna ljósleiðarans. Hafið samband við þá. skj@internet.is - Sigvaldi og nonniasum@gmail.com -Jón



Þjórsárskóli

Skeiða- og Gnúpvörðahreppi

Dagur íslenskrar náttúru

Dagur íslenskrar náttúru 16. september var nýttur til útiveru og landgræðslu hjá okkur í Þjórsárskóla. Allir nemendur skólans fóru í hjólaferðir. 1. og 2. bekkur hjólaði um nánasta umhverfi skólans. 3. og 4. bekkur hjólaði að Skaftholtsfjalli og hitti þar nemendur í 1. og 2. bekk sem voru keyrðir þangað. Þessir fjórir bekkir gengu upp á Skaftholtsfjall og skoðuðu tilraunareitina í Vistheimt verkefninu okkar. Þar hittu þau Sigbrúði Jónsdóttur hjá Landgræðslunni og fræddi hún þau um uppgræðslu landsins. Síðan fóru þau í verkefni við uppgræðslu. Notuð var heyrúlla og þau dreifðu heyi um svæðið. Við höfum farið þangað í nokkur ár að græða landið.

5.-7. bekkur hjóluðu Hælshringinn. Hjólað er að Ásaskóla, yfir Kálfá, upp hjá Austurhlíð og framhjá Hæli og að skólanum. Einar á Hæli kom til að ferja okkur yfir ána en flestir létu sig hafa það að reyna að hjóla yfir ána sem er erfitt þar sem hún er frekar grýtt. Þegar yfir var komið vildu flestir reyna aftur að hjóla yfir. Sumir hlupu yfir ána. Það voru blautir en ánægðir nemendur sem héldu hjólandi áfram í skólann. Við vorum einstaklega heppin með veður þennan dag. Sólin skein og það var hlýtt en vindurinn blés aðeins. Nemendur voru mjög duglegir í ferðinni og má með sanni segja að gleði og ánægja ríkti í hópnum.



Skákkennsla

Mánudaginn 5. október kom Stefán Bergsson verkefnisstjóri þróunarverkefnis í skák til okkar og hóf kennslu í skák.

Allir nemendur í 1.-4. bekk fengu kennslu í skák fyrir hádegi.

Stefán fór yfir heiti taflmanna, mannganginn og skákborðið sjálft. Eftir það var tefld peðaskák. Peðaskák er góð æfing fyrir nemendur. Peðunum er stillt upp á aðra og sjöundu reitaröð eins og í hefðbundinni skák. Svo á að reyna að koma peðunum sínum upp í borðið hjá andstæðingnum eða drepa öll peðin hans. Nemendur tefldu einnig með hrók á móti 5 peðum. Hafdís mun síðan halda áfram að kenna skák einu sinni í viku. Nemendur voru mjög áhugasamir og hrósaði Stefán þeim fyrir hversu vel þeir voru að sér í skák. Aðstaða okkar í skólanum er góð. Við eigum nóg af góðum taflborðum og klukkum. Við munum nýta okkur hluta af peningastyrk sem við fengum til að kaupa sýningartaflborð.



Kósý mottan

3. og 4. bekkur í Þjórarskóla fékk gefins mottu í kósý hornið frá IKEA nú á dögnum. Bekkurinn er mjög glaður og þakklátur fyrir þessa fallegu gjöf! Mottan á eftir að nýtast vel í leik, námi og starfi enda skiptir notalegt og hlýlegt náms-umhverfi miklu máli



í upplifun barna og velliðan þeirra. Kveðja frá 3. og 4. bekk og umsjónarkennara þeirra, Hildi Lilju.

Einnig góð kveðja frá Bolette og Kristínu.



Leikholtsfréttir

Í leikskólanum Leikholti eru núna 21 barn talsins og mun bætast í hópinn eitt barn í nóvember. Þetta skólaár hefur farið vel af stað hjá okkur og er mikið faglegt starf í gangi. Nýtt hjá okkur er að við ætlum að innleiða ART og fara allir starfsmenn á námskeið hjá okkur í vetur og byrja með elstu árgangana í ART tímum, þar sem lögð er áhersla á félagsfærni, reiðstjórnun og siðferði. Við að sjálfsgöðu höldum áfram með grænfána verkefnið, skrifa til læsis, numicon, einingakubba og Lubbi finnur málbein ásamt fleiri skemmtilegum verkefnum inni og úti.

Við erum að undirbúa nýja heimasíðu sem verður með slóðina

<http://leikholt.leikskolinn.is>, endilega kíkið á hana. Hér næst eru fréttir frá heimastofunum tveimur Vörðufelli og Heklu en þær eru aldurskiptar en Helga Guðlaugsdóttir er deildarstjóri yfir þeim báðum.

Kærar kveðjur úr Leikholti, Elín Anna Lárusdóttir leikskólastjóri.

Fréttir úr Vörðufelli.

Þá er skólastarfið komið vel af stað og komið í nokkuð fastar skorður bæði hjá börnum og kennurum. Í Vörðufelli eru 15 börn á aldrinum 3ja til 5 ára, og skiptast þessi börn í tvo hópa sem heita Fuglahópur og Lubbahópur. Haukur Vatnar er hópstjóri Fuglahóps og Sirrý er hópstjóri Lubbahóps og leysir Sigga Garðars þau af í undirbúningstíma. Við í Vörðufelli höfum verið dugleg að

nota þennan yndislega september mánuð sem var sannkallaður sumarauki.

Það er búið að fara í marga göngutúra hér um nágrennið, bæði langa og stutta, sem passar einmitt vel við verkefnin okkar í tengslum við Grænfánann. Sem dæmi erum við búin að ganga niður að Þjórsá og tókum mest allan daginn í það verkefni. Það var búið að smyrja handa okkur nesti, girnilegar samlokur og heitt kakó, sem við borðuðum í hádegismat. Á leiðinni skoðuðum við náttúruna, bæði gróður og dýralíf. Sveppir vöktu alveg sérstaka athygli í þessari ferð og lúpinan sem var hægt að nota fyrir hristur þegar þær voru farnar að þorna og fræin hristust í belgjunum. Annan langan túr tókum við í skógarreitinn á móts við Húsatóftir. Þar lékum við okkur í skóginum, borðuðum nesti og lékum leikrit um Rauðhettu og úlfinn. Á leiðinni til baka horfðum við til fjalla og veltum fyrir okkur hvað þau heita.



Kartöfluræktunin okkar var með ágætum þetta haustið og erum við búin að gæða okkur á uppskerunni. Mjög gaman að borða eitthvað sem við ræktuðum sjálf.

Haustið hefur verið okkur mikið rannsóknarefni og höfum við rannsakað náttúruna gaumgæfilega undanfarið.

Á degi íslenskrar náttúru, sem var líka grænn dagur hér í Leikholti, unnum við skemmtilegt verkefni í útivist, þar sem við söfnuðum saman sýnishornum úr náttúr-unni og límdum á stórt plaggat. Við lítum framtíðina björtum augum og hlökkum til þess að takast á við ögrandi og skemmtileg verkefni vetrarins.

Með kærri kveðju.
Börn og starfsfólk
Vörðufells



Heklufréttir

Í Heklu vinna Helga og Alla með 6 yngstu börnin í leik-skólanum, auk þess kemur Sigga Garðars inn sem afleysing.



Nú er aðlögun lokið í Heklu og við erum aðeins komin af stað með skipulagt starf.

Alla hefur t.d. verið dugleg undanfarið að láta börnin mála litríkar og flottar myndir. Við erum aðeins búin að prófa ásláttarhljóðfærin, hristur og klukkuspil og var það mjög gaman. Einnig höfum við verið að vinna

svolítið með Lubba (Lubbi finnur málbein), skoða stafa-spjöldin, æfa okkur að gera tákn og segja hljóðin. Líka höfum við verið að syngja söngvana úr Lubba og þá höfum við stundum horft á DVD diskinn í leiðinni. Svo hafa Mími bækurnar verið í uppáhaldi, að lesa og gera táknin.

Í september var mjög gott veður og vorum við mjög dugleg að vera úti en rigningin er líka mjög skemmtileg.

Bestu kveðjur úr Heklu.



Einingakubbar réttir

Helgihaldið á haustmisseri 2015 og um áramót.



25. okt.:

Fjölskylduguðsþjónusta í Hrunakirkju kl. 11 og **messu** í Stóra-Núpskirkju kl. 14.

8. nóv.:

Fjölskylduguðsþjónusta í Stóra-Núpskirkju kl. 11 og **messu** í Hrepphólakirkju kl. 14.

28. nóv. (lau.): **Helgistund** í Hrepphólakirkju kl. 15. Kveikt á ljósum í kirkjugarði.

29. nóv.: **Hátíðarmessa í Hrunakirkju kl. 14 í tilefni 150 ára afmælis kirkjunnar**
og **aðventukvöld** í félagsheimilinu í Brautarholti kl. 20.

7. des. (mán.): **Aðventukvöld** í Hrepphólakirkju kl. 20:30.

24. des.: **Guðsþjónusta** á aðfangadagskvöld í Stóra-Núpskirkju kl. 23.

25. des.: **Hátíðarmessur**. Hrunakirkja kl. 11 og Ólafsvallakirkja kl. 14.

Ljósaguðsþjónusta á jóladagskvöld í Hrepphólakirkju kl. 22.

Kirkjan lýst upp með kertaljósum.

31. des.: **Guðsþjónusta** á gamlársdag í Tungufellskirkju kl. 15.

Aftansöngur í Stóra-Núpskirkju kl. 16:30.

3. jan.: **Nýársmessa** í Hrepphólakirkju kl. 14.

Sjáumst í kirkjunni.



Norska Tøltrider eru gæðareiðtygi á toppverði sem við höfum bæði notað sjálf og verið mjög vel tekið í búðinni hjá okkur í Svipjóð. Mest seldu hnakkarnir frá Tøltrider, Bikar, Glampi og virkislausu eru allir hjá okkur á Íslandi á góðu verði.



Meiri upplýsingar á www.tolt.nu/island

eða sími 892 8452 Sigfus

Sigfus & Josefine
Vestra-Geldingaholt



20. fundur í sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnosi mánudaginn 07 október 2015 kl. 14:00.

Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Gunnar Örn Marteinnsson, Halla Sigríður Bjarnadóttir og Meike Witt, Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri ritaði fundargerð. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið. Svo reyndist ekki vera.

Mál til umfjöllunar og afgreiðslu :

1. Mat á umhverfisáhrifum Búrfellslundar. Margrét Arnardóttir, Ingvar Hafsteinsson og Jóna Bjarnadóttir frá Landsvirkjun, ásamt Rúnari Bjarnasyni frá Verkfræðistofnunni Mannvit mættu til fundar. Margrét sagði frá verkefninu og lagði áherslu á frummatsskýrslu um umhverfisáhrif Búrfellslundar. En skýrslunni um var skilað inn til Skipulagsstofnunar í september sl. Kynningartími stendur yfir í 6 vikur. Um er að ræða vindmyllugarð sem fyrirhugað er að rísi skammt fyrir innan Búrfell beggja vegna Þjósár. Á því svæði þar sem þegar hafa rísið tvær vindmyllur. Hún sagði marga hafa komið að gerð skýrslunnar og verður mikið lagt uppúr því að gera allar upplýsingar aðgengilegar um verkefnið. Margrét kynnti heimasíðu um verkefnið sem opnuð verður senn. Á síðunni er almennur fróðleikur um vindmyllur, fyrirhugaðan vindlund og aðstæður í Búrfellslundinum sem slíkum. Matið byggir á að settar verði upp vindmyllur sem verða allt að 149 m háar. Ítarlegar rannsóknir hafa verið framkvæmdar um verkefnið. Heimasíðan verður opnuð á næstu dögum og verður hún kynnt ásamt verkefninu með dreifibréfi sem sent verður inn á öll heimili í sveitarfélaginu. Til stendur að halda opinn kynningarfund um verkefnið í sveitarfélaginu. Rúnar Bjarnason sagði frá umhverfi lundarins, landslagsheildir á svæðinu ásamt flokkun þeirra og náttúrufari og sjónræn áhrif. Auk þess var rætt um hljóðvist þessu tengd. Greint var frá könnun um áhrif vindmylla sem gerð hefur verið meðal ferðamanna og íbúa.
2. Kosning fulltrúa á Ársþing SASS. Ársþingið verður haldið í Vík í Mýrdal 29 og 30 október 2015. Auk þess verða innan þingsins aðalfundir Sorpstöðvar Suðurlands og Heilbrigðisnefndar Suðurlands. Eftirtaldir voru kjörnir fulltrúar á ofangreint þing og aðalfundi. Björgvin Skafti Bjarnason, Meike Witt og Gunnar Örn Marteinnsson. Einar Bjarnason, Anna María Flygenring og Halla Sigríður Bjarnadóttir til vara.

3. Fjárhagsmál. Sveitarstjóri fór fyrir rekstur sveitarfélagsins á fyrstu 8 mánuðum ársins og samanburð við sambærileg tímabil 2013 og 2014. Sveitarstjóri lagði auk þess fram sjóðsstreymisáætlun fyrir október. Hann óskaði eftir heimild til framlengingar yfirdráttarheimildar allt að 15 mkr til 2 nóvember nk. Tillaga samþykkt með fjórum atkvæðum. Gunnar Örn Marteinnsson sat hjá.
4. Ferli við gerð fjárhagsáætlunar. Oddviti kynnti drög að ferli við gerð fjárhagsáætlunar fyrir sveitarfélagið. Lagt fram og kynnt.
5. Aðgengi sveitarstjórnarfulltrúa að bókhaldi sveitarfélagsins.

Gunnar Örn Marteinnsson lagði fram svohljóðandi tillögu:

Sveitarstjórn samþykkir að veita kjörnum fulltrúum í sveitarstjórn skoðunaraðgang að bókhaldskerfi sveitarfélagsins.

Greinargerð.

Það er hlutverk sveitarstjórnarfulltrúa að fylgjast með rekstri sveitarfélagsins og að hann sé í takt við fjárhagsáætlanir, það er erfitt fyrir almenna fulltrúa í sveitarstjórn að rækja þær skyldur sínar án þess að hafa aðgang að bókhaldi sveitarfélagsins. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og samþykkir samhljóða að gera breytingar í þá veru að veita kjörnum fulltrúum skoðunaraðgang að bókhaldi.

6. Niðurfelling tolla á matvæli.

Gunnar Örn Marteinnsson lagði fram svohljóðandi tillögu:

Sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps lýsir yfir áhyggjum sínum af samningi við Evrópusambandið um niðurfellingu tolla á matvæli. Margir íbúar sveitarfélagsins eru í mikilli óvissu um hvaða áhrif samningurinn muni hafa á þeirra lífsafkomu. Framundan eru nýir búvörusamningar, nauðsynlegt er að í þeim sé tekið mið af þeim tollasamningi sem gerður var við Evrópusambandið. Á meðan ekki liggur ljóst fyrir hvernig nýr búvörusamningur lítur út er ekki skynsamlegt að Alþingi samþykki tollasamninginn. Það er einnig nauðsynlegt að tryggð verði að merkingar matvæla verði með þeim hætti að neytendur þurfi ekki að vera í vafa um uppruna þeirra. Sveitarstjórn samþykkir framkomna tillögu samhljóða.

7. Fyrirkomulag starfa í áhaldahúsi/þjónustu. Oddviti og sveitarstjóri kynntu hugmyndir um breytingar á störfum í þjónustu og í áhaldahúsi sveitarfélagsins. Lagt fram og kynnt.

9. Tjaldsvæði í Sandártungu. Greinargerð frá Atvinnuráðgjöf SASS.
Greinargerð unnin af Þórarni Sveinssyni. Sveitarstjórn óskar eftir að Skógrækt ríkisins upplýsi um þátttöku í verkefninu í samræmi við það sem lagt er til í skýrslu SASS.
10. Tónlistarnám. Erindi. Sveitarstjóra falið að kanna aðstæður vegna málsins.
11. Umsögn um rekstrarleyfi Verslunin Árborg.
Lögð var fram umsókn um endurnýjun um rekstrarleyfi veitinga 2 fyrir Verslunina Árborg kt. 581200-3150. Ábyrgðarmaður Gunnar Egilsson. Umsókn sendi frá Sýslu manninum á Suðurlandi undirritað af Agli Benediktssyni. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að umrætt leyfi verði veitt.
Styrkbeiðnir :
12. Framtíðarþing um öldrun. Styrkbeiðni. Lagt fram bréf undirritað af Guðlaugu Jónu Hilmarsdóttur þar sem óskað er eftir 50.000 kr styrk til þinghalds um öldrunarmál á Suðurlandi. Til stendur að þingið verður haldið í Árborg í byrjun nóvember nk. Tillaga samþykkt samhljóða.
13. Kvenfélög. Styrkbeiðni. Lagt var fram bréf frá kvenfélögunum í Árnessýslu. Í bréfinu er óskað eftir 200.000 kr styrk frá hverju sveitarfélagi vegna gerðar Kvikmyndarinnar „ Svipmynda fyrir framtíðina um fortíðina úr nútímanum. Beiðni hafnað.
Fundargerðir:
14. Fundargerð 97. fundar Skipulagsnefndar. Mál nr. 19,20,21 og 22 þarfnast umfjöllunar.
19. Búrfellsvirkjun: Stöðvarhús í Sámstaðaklifi: Deiliskipulag – 1502079 Tillaga að stækkun Búrfellsvirkjunar ásamt ramma um þau mannvirki sem þegar eru til staðar. Sveitarstjór gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir að tillagan verði auglýst skv 1 mg. Skipulagslaga nr. 123/2010 greinargerð um skráningu fornleifa lögð fram.
20. Hvammsvirkjun: Virkjun Þjórásar á móts við Skarðsfjall : Deiliskipulag – 1509062.
Lögð fram skipulags- og matslýsing fyrir Hvammsvirkjun. Björgvin Skafti, Einar, Gunnar Örn og Halla gera ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar Sveitarstjórn samþykkir að lýsingin verði kynnt skv. 3 mgr. 40 gr skipulagslaga. Nr. 123/2010 og leitað verði umsagnar hlutaðeigandi aðila. Meike Witt sat hjá.
21. Stöng í Þjórárdal: Nýr göngustígur: Framkvæmdaleyfi – 1509047

Lögð fram umsókn dags 10 sept 2015. Um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu göngustígs að fornleifum við Stöng. 400 metrar ásamt breytingu á og stækkun bílastæðis. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir fyrir sitt leyti að gefið verði út framkvæmdaleyfi með fyrirvara um umsögn Forsætisráðuneytis.

22.Réttarholt Landnr. 166587. Stofnun lóðar – 1509059. Lagður fram uppdráttur að 40,7 m² spildur úr landi Réttarholts. Lnr. 166587. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar og samþykkir stofnun hennar og landsskipti fyrir sitt leyti.

15. Fundargerð 26. Fundar stjórnar BS Skipulags- og byggingarfulltrúa. Fundargerð lögð fram og kynnt.

16. Fundargerð 27. Fundar stjórnar BS Skipulags- og byggingarfulltrúa. Fundargerð lögð fram og kynnt. Greining á úttekt embættis Skipulags og byggingarfulltrúa samþykkt samhljóða.

17. Tónlistarskóli fagráð. 174 fundur. Fundargerð lögð fram og kynnt.

18. Fundargerð 15. fundar Skólanefndar 28.09.2015 Grunnskólamál. Fundargerð lögð fram og staðfest.

19. Fundargerð 16. fundar Skólanefndar 28. 09.2015 Leikskólamál. Fundargerð lögð fram og staðfest.

20. Skólaþjónusta og velferðarnefnd Árneshings. Fundargerð lögð fram og kynnt.

21. Ferðamálaráð Uppsveita. Fundargerð. Fundargerð lögð fram og kynnt.

Mál til kynningar:

A. 497. Fundur stjórnar SASS.

B. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16.09.2015.

C. Þingskj. Br á lögum um almannatryggingar

D. Þingskj Byggingarsj Landspítala

E. Þingskjal. Br á lögum um styrkingu leikskóla og fæðingarorlofs.

F. Þingskjal. Br á lögum um sjóði og stofnanir.

G. Þingskjal. Tillaga um landsskipulagsstefnu.

H. Þingskjal. Landsáætlun um uppb. Innviða til verndar náttúru og minja.

I. Þingskjal. Breyting á náttúruverndarlögum.

J. Þingskjal. Breyting á skiptingu tekjustofna.

K. Eftirfylgni með úttekt Þjórsárskóla.

- L. Tímabundin breyting á verkaskiptingu ríkis og svf.
 - M. Velferðarþjónusta Árn 2014. Tölulegar upplýsingar
 - N. Skóalþjónusta Árn. Framgangur markmiða.
 - O. Skólaþjónusta Árn. Könnun á líðan nemenda.
 - P. Kynning frá lögreglustjóra.
 - Q. Fundargerð 830 fundar Samabands Ísl Svf.
 - R. Fundargerð 21. Fundar Orkusveitarfélaga.
 - S. Kæra fasteignamat vegna vindmylla.
 - T. Fundargerð 96 fundar Skipulagsnefndar.
 - U. Stjórnarfundur SASS nr 497.
 - V. Svæðisskipulag tillögur vinnuhóps.
- Fundi slitið kl 17:45.
Næsti reglulegi fundur ákveðinn miðvikudaginn 04. nóvember næstkomandi.

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM

Smiðjustíg 6a, Sími: 486-1866

OPNUNARTÍMI

OPIÐ: mánud. Miðvikud. Föstudaga 10 -17 👍

OPIÐ: laugardaga 11- 13

Getraunanúmer Ungmennafélags Gnúpverja er:



Munum það ! 😊

802

*Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá Margréti
Steinþórsdóttur í Háholti, sími 486-6017.
Minningarkort Ólafsvallakirkju fást hjá Guðjóni
Vigfússyni á Húsatóftum sími 896-5736.*



Verktaki fyrir Eimskip og Samskip**Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00****Brottför frá Reykjavík alla virka daga:****kl 12:00 frá Landflutningum og kl 13:00 frá Flytjanda****Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00**

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693 netfang: fludaleid@simnet.is**Símar hjá bílstjórum: 892-2370 - Pálmar****892-2371 - Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.****892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur***Með kveðju.**Starfsfólk Flúðaleiðar***Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási. Sími: 480-1180 Fax: 480-1181**
www.arnesthing.isForstöðumaður Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings er María Kristjánsdóttir
maria@hveragerdi.is**Starfsmenn með aðsetur í Laugarási:**Sigurjón Árnason, félagsráðgjafi, sigurjon@laugaras.is sími 480-1180Sigrún Símonardóttir, forstöðumaður heimaþjónustu sigrun@laugaras.is**VIOLA snyrtistofa! Högnastíg 1 Flúðum****GUINOT** húðvörur fyrir dömur og herra**ALESSANDRO** naglalökk og gloss**Meðferðir:** Andlitsbað – Húðhreinsun

Fótsnyrting — Handsnyrting —


Vaxmeðferðir - Litun og pökkun.

**Tímapantanir í**
síma: 856-1599

Fylgist með á

www.upplit.is**Upplit**
Menningarklasi uppsveita Árnessýslu

Á bak við eldavélina



Helga Kristinsdóttir á Lómsstöðum gefur okkur girnilegar uppskriftir nú.

Takk Kirsten ☺

Ég ætla að deila með ykkur rétti sem ég hef haft á gamlárskvöld síðan 1994 og uppskriftina fékk ég einmitt úr svona blaði þar sem fólk deilir góðum uppskriftum.

Innbakaðar lambalundir (fyrir 4)

300 gr. smjördeig

800 gr. lambalundir

1 eggjarauða

salt, pipar og timian

Sveppamauk:

50 gr.sveppir

20 gr.laukur

4 msk.brauðmylsna

pipar og salt

Kjötið kryddað með salti, pipar og timian. Steikt á vel heitri pönnu stutta stund til að loka kjötinu og síðan kælt.

Sveppirnir og laukurinn skorinn fínt, steikt á pönnu með brauðmylsnunni, kryddað með salti og pipar. Kælt.

Kjötið sett á miðjuna á deiginu, sveppamaukinu smurt yfir hvert lag á kjötinu síðan er deiginu lokað og það smurt með eggjarauðu og að lokum stungið á það með gaffli til að það springi ekki.

Bakað í 180°C heitum ofni í 20 mín.

Borið fram með bökuðum eða steiktum kartöflum, fersku grænmeti og góðri sveppasósu.

Ísinn er svo ómissandi á eftir ☺



Súkkulaði - Pekanhnetu ísterta

6 egg

6 msk sykur

100 gr bráðið mars

með 5 msk rjóma

7 dl rjóma

2tsk vanilludr.

150 gr súkkulaði dökkt eða ljóst skorið í litla bita

100 gr pekanhnetur

100 gr heslihnetur hakkaðar smátt.

60 gr karamellusiróp og aðeins meira til skrauts.

Aðferð:

Þeyta saman eggjarauður og sykur, létt og ljóst. Hellið svo bráðnu marssúkkulaði saman við. Þeytið síðan rjómann og blandið honum varlega saman við blönduna ásamt súkkulaðinu, pekanhnetunum og vanilludropunum. Stífþeytið eggjahvíturarnar og blandið þeim síðan varlega saman við allt saman. Setjið hakkaðar heslihnetur í botninn á meðalstóru kökuformi, hella svo blöndunni yfir og hella síðan karamellusírópinu yfir og blanda því saman við með því að snúa hníf nokkra hringi í gegn um ísinn. Passa að fara ekki með hnífinn of nálægt botninum Frysta í lágmark 5 klukkustundir. Ég ætla að skora á Björgu Evu Erlendsdóttir á Hamarsheiði, margt hef ég fengið gott að borða hjá henni. Verði ykkur að góðu
Helga Kr. Lómsstöðum



Menn og Málefni!



Þau Erna Þórey Jónasdóttir frá Holtabraut 13, Brautarholti og Logi Pálsson ættaður frá Hamarsheiði hér í sveit, eignuðust sitt annað barn þann 30. apríl s.l. Það er stúlka og hún hefur fengið nafnið Edda Katrín og var 4230 gr og 53 cm við fæðingu. Stóra systir hennar er hún Jóhanna Margrét sem er 2 ára. Fjölskyldan býr nú í Hafnarfirði og óskum við þeim öllum innilega til hamingju með ungu dömuna.

Jóna Sif Leifsdóttir frá Hlemmisheiði 6 útskrifaðist 13. júní s.l. frá Háskólanum á Akureyri með bs gráðu í hjúkrun og hefur nú starfsheitið hjúkrunarfræðingur og starfar á Hsu



Selfossi bæði á lyflækningadeild og bráðamóttöku. Jóna Sif er búsett með manni sínum og fjórum börnum á Selfossi og óskum við henni innilega til hamingju með áfangann og starfið.

Við hjá **Dönsum á Selfossi** erum komin af stað með dansleikina okkar í Hliðskjálfi (félagsheimili hestamanna á Selfossi) dansleikir verða öll **þriðjudagskvöld frá kl. 19.00 - 23.00** einnig erum við með æfingakvöld í línudönsum kl. 20.00 öll mánudagskvöld og eru allir velkomnir að taka þátt með okkur. ☺



Hliðgrindur

Margar lengdir



Fjárvogir

Skifu



Digital



Við krankleika og....

Bolta-
byssur

Skammtasprautur

Inngjafasprautur



Á lappirnar

Sokkar



Stigvél

Reið- og
vinnuskór



Við þorsta

SUEVIA

Brynningarskálur - Vatnskör



Hitapráðir

Hitapráðir með
innbyggðum hitanema
Kveikir á sér við +3°C
slökkur á sér þegar
hitastigið fer í +10°C
Fæst í ýmsum lengdum.



Allt í sláturgerðina

Hnifar, færeyjarbrýni, stálbrýni, skurðarbretti, kjötkrókar, kjötmeir, kjötsög, gervivambir, hrossabjúgnalangar, bjúgnalangar, sláturgarn, bindigarn, kjötmet, vacumpokar og pulsar, fint og gróft salt, frystipokar, helmilispokar og margt fleira.



Gunnbjarnarholli,
801 Selfoss
Sími 480 5600
landstolpi.is

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík

Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is

Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Afréttakortið, af afréttum Gnúpverja, Flóa, Skeiða og
Hrunamanna. Eykur öryggi og er ódýrt, aðeins **kr. 500,-**
Gott á fjöllin ☺

Opnun sundlauga í Skeiða –og Gnúpverjahreppi
Neslaug S: 486-6117 Skeiðalaug S: 486 5500



Vetraropnun frá 1. sept. 2015

Neslaug

Miðvikudaga: 18 — 22

Laugardaga: 13 — 18

Skeiðalaug

Mánudaga: 18 — 22

Fimmtudaga: 18 — 22

Vörur tengdar sundi seldar í afgreiðslum lauganna.
Drykkjarsjálfsali í Skeiðalaug.
Hætt er að selja ofan í hálf tíma fyrir lokun.
Það er aðeins 10 mínútna akstur á milli lauganna.

Frítt fyrir 70 ára og eldri.
Frítt fyrir öryrkja gegn framvísun skírteinis.

Frítt í sund fyrir 18 ára og yngri sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu.

Neslaug og Skeiðalaug eru á

facebook

Fylgist með þar ☺

Umsjónarmaður.
Eyþór Brynjólfsson



JÓLAHLAÐBORD
á Fosshótel Heklu verður
5. desember n.k.



Helga Kolbeinsdóttir, Ljósbrá Loftsdóttir og Brian Haroldsson leika og syngja ljúfa jólatónlist meðan á borðhaldi stendur.

Munið að taka daginn frá...

Nánar auglýst síðar.
Fosshótel Hekla

